



Reykjavík 30. desember 2022

## Niðurstaða athugunar á aðgreiningu gjalda hjá SaltPay IIB hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í nóvember 2021 athugun á framkvæmd við aðgreiningu gjalda hjá SaltPay IIB hf. (SaltPay eða félagið).

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið uppfyllti þær skyldur sem hvíla á færsluhirðum skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur, sem fékk lagagildi hér á landi með gildistöku laga nr. 31/2019 (reglugerðin). Óskað var eftir upplýsingum um hvernig félagið uppfylli framangreind ákvæði um aðgreiningu gjalda. Þá var jafnframt óskað eftir afriti af fyrstu tíu uppgjörum og tilboðum til viðtakenda greiðslna á árinu 2021 hjá félaginu. Niðurstaða lá fyrir í október 2022.

Miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar var niðurstaða fjármálaeftirlitsins að SaltPay hafi brotið gegn 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar með því að innheimta þjónustugjöld í sameiginlegum pakka án sundurliðunar. Í ákvæðinu kemur fram að færsluhirðir skuli bjóða og innheimta þjónustugjöld söluaðila aðgreint fyrir hvern flokk og mismunandi vörumerki greiðslukorta með mismunandi milligjald nema viðtakendur greiðslna óski skriflega eftir því að innheimta fari fram í sameiginlegum pakka.

Einnig var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að sú framkvæmd að setja einhliða skilmála um innheimtu gjalda án aðgreiningar í samning hafi falið í sér brot gegn 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þar sem sérstaklega er kveðið á um að gjöld skuli vera sundurliðuð í samningum færsluhirða við viðtakendur greiðslna, nema skrifleg ósk berist um annað.